

<b>Fundarnúmer:</b>	526
<b>Dagsetning:</b>	21.01.2008
<b>Tími:</b>	13:30
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar SSNV frá 8. janúar 2008.
2. Bréf Elínborgar Sigurgeirsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla V- Hún.
3. Bréf Hörpu L. Vilbertsdóttur.
4. Umsögn Foreldrafélags Leikskólans Ásgarðs v/ frumvarps til laga um leikskóla.
5. Umsögn Foreldraráðs Grunnskóla Húnaþings vestra v/ frumvarps til laga um grunnskóla.
6. Drög að fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki 2009, 2010 og 2011.

Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 8. janúar sl. Guðný Helga Björnsdóttir kynnti einstaka liði fundargerðarinnar.
2. Fram lagt bréf Elínborgar Sigurgeirsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla V- Hún. Í bréfinu skorar Elínborg á sveitarstjórn Húnaþings vestra að styðja við bakið á tónlistarnemum í framhaldsnámi. Bréfið er m.a. skrifað í kjölfar erindis Helgu Hreiðarsdóttur og Daníels Karlssonar sem lagt var fram á síðasta fundi byggðarráðs. Sveitarstjóri greindi frá upplýsingum sem hann hefur aflað frá m.a. Sambandi íslenskra sveitarfélaga um kostnað vegna náms nemenda á listnámsbrautum.
3. Bréf Hörpu L. Vilbertsdóttur lagt fram. Í bréfinu er sett fram krafa frá húseigendum Hvammstangabrautar 43 á Hvammstanga um greiðslu fébóta vegna tjóns, óþæginda og kostnaðar sem húsráðendur telja sig hafa orðið fyrir vegna lágs vatnsþrýstings á köldu vatni. Byggðarráð samþykkir að boða forstöðumann tæknideildar til næsta fundar vegna þessa máls.
4. Fram lögð umsögn Foreldrafélags Leikskólans Ásgarðs v/ frumvarps til laga um leikskóla.
5. Fram lögð umsögn Foreldraráðs Grunnskóla Húnaþings vestra v/ frumvarps til laga um grunnskóla.
6. Drög að fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki 2009, 2010 og 2011 lögð fram. Áætluninni vísað til fyrri umræðu í sveitarstjórn 22. janúar nk. Samþykkt að taka á dagskrá:
7. Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri kynnti umsókn frá Guðmundi Björnssyni um úthlutun leiguíbúðar í Nestúni 2, neðri hæð að austan. Samþykkt að úthluta Guðmundi umrædda íbúð frá 1. febrúar nk.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:55.

Guðný Helga Björnsdóttir (sign.), Skúli Þórðarson (sign.)  
P. Karl Eggertsson (sign.), Stefán Böðvarsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson (sign.).